72
31. júlí Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1931.*

**S. Kristinsson.**

*Vigfús Einarsson.*

73
4. ágúst

## SAMÞYKKT

um

**breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.**

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1931.*

**S. Kristinsson.**

*Vigfús Einarsson.*